

Dags eftirlits	26.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Eftirlitsmaður	Sigurður Ingason
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Seinna reglubundna eftirlit ársins var annars vegar framkvæmt með yfirferð gagna á fjarfundi þann 26. nóvember og hins vegar með skoðunarferð þann 27. nóvember.

Engin frávik komu fram frá kröfum starfsleyfis en einni ábendingu var komið á framfæri varðandi afsog við aftöppun ofna.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Síðasta eftirlitsskýrsla.
- Mælingar og upplýsingagjöf skv. grein 3.1
- Skráningar skv. grein 3.2
- Önnur mál.

Síðasta vettvangsheimsókn fór fram þann 4. júní sl. þar sem að fram kom eitt frávik frá starfsleyfi þar sem að mánaðarmeðaltal á losun brennisteinsdíoxíði var yfir starfsleyfismörkum. Brugðist var við frávikinu með bættum framleiðslustýringum og telst frávikinu því lokið. Farið var yfir skráningar og eftirlit með styrk brennisteins í hráefnum og mat á brennisteinsdíoxíðslosun út frá þeim.

Farið var yfir skráningar og mælingar en miklar framfarir og endurbætur hafa verið í utanumhaldi skráninga. Unnið er að innleiðingu miðlægs kerfis sem sýnir dagsgildi, mánaðargildi og árgildi fyrir helstu mengunarefni og stýriþætti búnaðar. Staðsetning og fjöldi rifinna poka og viðbrögð vegna þeirra eru skráð með handvirkum hætti og tekið saman í gagnagrunni.

Tvær mælingar voru gerðar á ryki upp úr þakopum nú í haust en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir, en mælingar sem framkvæmdar voru í vor í poksúvirkjum frá aftöppunarsvæði ofna (Kjósverja og Samúel) sem og steypubelti hafa verið sendar stofnuninni. Niðurstöður mælinga eru teknar saman í eitt heildstætt skjal sem tekur saman heildarlosun ryks m.t.t losunarmarka. Losun ryks er vel undir starfsleyfismörkum. Niðurstöður frárennismælinga voru sendar degi fyrir eftirlitið en vísendingar eru um að ál geti verið yfir 30 kg/ári. Ráðist hefur verið í hreinsun á lögnum og stefna á að mæla aftur í kjölfarið til að minnka losunina.

Nánnar var farið yfir skráningar á viðhaldi og eftirliti með mengunarvarnabúnaði. Skráningar á reyklosum hafa verið endurbættar. Starfsmenn fá tilkynningar að morgni ef reyksklepp hefur verið sl. sólarhring. Ef reyklosið er yfir 15 mínútum er það skráð sem atvik og greint nánar eins og við á hverju sinni. Rætt var um stýringar á neyðarlögum samhliða rekstrarstöðvunum. leitast er við að stýra reyknum yfir í hreinsivirkin eins lengi og mögulegt er. Hreinsitækni sér um tæmingu á setþróum og olúskilju.

Áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsókna verður uppfært í lok árs út frá niðurstöðum í eftirliti, fjölda kvartana o.fl. Áhættuflokkun og tíðni vettvangsheimsókna verða endurmetnar í kjölfarið. Rekstraraðili minnti á tvær athugasemdir við áhættumatið sem hafa verið sendar stofnuninni. Stofnunin mun taka afstöðu til þessara athugasemda í rýninni í lok árs.

Í skoðunarferðinni var farið inn í stjórnherbergi fyrir mölun 1, á ofnasvæði og í stjórnherbergi fyrir steypubelti. Einnig var fylgst með aftöppun á ofnum. Rætt var við starfsmenn um vöktun og eftirlit með mengunarvarnabúnaði á þessum svæðum.

ÁBENDINGAR

Afsog frá aftöppun á ofnum virtist ekki vera nægjanlegt svo að talsvert af reyk var í ofnhúsinu. Unnið var að stillingum afsogsbúnaðar þegar eftirlitið fór fram.

ANNAÐ

Rekstraraðili sendi inn fyrirspurn til Umhverfisstofnunar fyrr á árinu um lengri aðlögunartíma til útskiptingar á efni til fóðringar á töppunarholum þar sem að óheimilt er nú að nota efnið CTPTh. Útskipting yfir í nýtt efni í stað CTPTh hefur gengið vel og því hefur ekki komið til þess að grípa þurfi hafi til þess að nota CTPTh síðan bann á notkun þess tók gildi.

Rekstraraðili hefur sent inn greinargerð um aðlögun að kröfum sem koma fram í BAT niðurstöðum (dags. 20. nóv. sl.) og er hún í rýni hjá Umhverfisstofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.01.2021


Halla Einarsdóttir